

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

40. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILID 2014-2018

Árið 2017, fimmtudaginn 4. maí. kl.13:00, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Steinn Ingi Kjartansson, Guðbjörg Bergmundsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Valgeir Scott og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 16:00.

Engin athugasemd gerð við boðun fundarins.

Sveitarstjóri bauð viðstadda velkomna.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

### Dagskrá:

1. Húsaleigubætur fyrir yngri en 18 ára í námi – tillaga að breyttum samþykktum.
2. Ljósleiðaratengingar í Súðavíkurhreppi vor / sumar 2017.
3. Uppgjör vegna Byggingafélags Súðavíkur – minnisblað sveitarstjóra lagt fram.
4. Tilnefningar á vinnuhóp vegna heildarendurskoðunnar aðalskipulags Súðavíkurhrepps.
5. Lánasjóður Sveitarfélaga – Arðgreiðsla 2017.
6. Samningur um afritun verndaðra verka – Fjölís
7. Umsóknir um stofnframlög vegna fyrri úhlutunar ÍLS árið 2017.
8. Leigusamningur um veiðirétt í Ísafjarðará sumarið 2017.
9. Samingur um afnot af landi á Langeyri vorið og sumarið 2017.
10. Erindi frá Raggagarði.
11. Vatnsverndarsvæði í Súðavík – erindi frá Sigríði Hrönn Elíasdóttur.
12. Tillaga um aðild Súðavíkurhrepps að svæðisskipulagi Vestfjarða.
13. Boð á 62. Fjórðungsþing Fjórðungsþing Vestfjarða
14. Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti.

- 
1. Sveitarstjóri leggur fram minnisblað.

Eftirfarandi tillaga er lögð fram af sveitarstjóra;

*Sérstakur húsnaðisstuðningur*

*Veita skal sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15–17 ára barna, með lögheimili í Súðavíkurbhreppi, sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum hér á landi vegna náms fjarri lögheimili.*

*Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns.*

*Gert er ráð fyrir allt námsárið 2017 sé styrkhæft.*

*Hámarks mánaðarleg upphæð er 10 þús. krónur.*

Sveitarstjóra falið að útfæra viðauka í fjárhagsáætlun sem upphæðinni nemur.

Samþykkt samhljóða.

2. Frestað til næsta fundar.
3. Minnisblaðið lagt fram. Áætlaður kostnaður við uppgjörið verður 1.9 milljón kr.

Samþykkt samhljóða.

4. Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu og felur sveitarstjóra að tilnefna í hópinn samkvæmt tillögu og boða til fyrsta fundar.
5. Arðgreiðsla ársins verður 1.174.472 kr.
6. Sveitarstjóra falið að ræða við Fjölís og bera samningsdrög fyrir sveitarstjórn á næsta fundi.
7. Sveitarstjóra og oddvita falið að vinna að málinu. Tekið aftur til umræðu á næsta sveitarstjórnarfundum.
8. Tveir aðilar hafa sóst eftir leigusamning um Ísafjarðará fyrir sumarið 2017. Sveitarstjóra falið að vinna málið frekar, óska eftir frekari upplýsingum frá þessum aðilum og leggja fyrir næsta sveitarstjórnarfund. Samþykkt samhljóða.
9. Afgreiðslu frestað.
10. Sveitarstjórn Súðavíkurbrepps samþykkir erindið og heimilar því að vinnuskólinn taki að sér að vinna verkefni í Raggagarði næsta sumar með vísan í erindið.
11. Vísad til byggingar og skipulagsnefndar.  
Samþykkt samhljóða.
12. Sveitarstjórn Súðavíkurbrepps samþykkir þátttöku sveitarfélagsins í sameiginlegri vinnu við gerð svæðisskipulags á Vestfjörðum.
13. Þingboðið staðfest. Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð þeirra sem eiga ekki heimangengt á þingið.
14. Vísad til umhverfis og samgöngunefndar.

**Fleira ekki gert.**

**Fundi slitið kl. 18:37**

**Steinn Ingi Kjartansson  
oddviti**

**Valgeir Scott**

**Guðbjörg Bergmundsdóttir**

**Halldóra Pétursdóttir**

**Pétur G. Markan, sveitarstjóri**